

Ágrip: Breytingastjórnun við innleiðingu á tölvukerfum

Nemandi: Emma Árnadóttir

Sérsvið: Mannauðsstjórnun

Dagsetning: Maí 2007

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða notkun breytingastjórnunar við innleiðingu á tölvukerfum. Greindir eru megináhrifaþættir árangurs við innleiðingu og hvernig breytingastjórnun getur nýst í slíkum verkefnum. Afurð verkefnisins er líkan sem gagnlegt er að nota til að stjórna viðamiklum breytingum samfara innleiðingu.

Gerð er raundæmisrannsókn á innleiðingum á mannauðskerfum. Mannauðskerfi hafa verið í mikilli þróun með nýtingu innra nets fyrirtækja og nýrri hugsun í stjórnun og hlutverki mannauðsdeilda í fyrirtækjum þar sem stefnt er að því að koma venjubundnum störfum við skráningu, eftirlit og skýrslugerð til almennra starfsmanna og stjórnenda en mannauðsdeildinni er ætlað að taka virkari þátt í stefnumiðaðri stjórnun fyrirtækisins en áður var. Þess vegna hefur innleiðing nútíma mannauðskerfis áhrif á alla starfsmenn og getur gjörbreytt starfi og starfsumhverfi fólks í starfsmanna- og launadeildum. Rannsóknin er eigindleg og framkvæmd með viðtölum og söfnun skriflegra gagna sem voru gerð á verk tímanum.

Þegar horft er til mannlegra þáttarins við innleiðingu þá hefur breytingastjórnun reynst hafa margt fram að færa til að auka árangur. Innleiðingar hafa reynst flestum fyrirtækjum afar erfitt ferli og tíðum koma upp erfið vandamál sem hefði mátt koma í veg fyrir með betri undirbúningi og þekkingu á mannauðsmálum og breytingastjórnun. Helstu áhrifaþættir árangurs við innleiðingu fara mjög vel saman við breytingaverkefni á öðrum sviðum þó svo að nauðsynlegt sé að aðlaga stjórnun breytinga að séreinkennum innleiðingarverkefna. Í lok verkefnisins eru umfangsmikil fræði breytingastjórnunar dregin saman ásamt niðurstöðum rannsóknarinnar og lagt fram líkan breytingastjórnunar við innleiðingu á tölvukerfum.